

## Umsóknarferill – upplýsingar fyrir sérhæfða sjóði sem sækja um fjárfestingu frá Kríu

1. Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs auglýsir eftir umsóknum frá sérhæfðum sjóðum.
2. Þeir sérhæfðu sjóðir sem telja sig uppfylla skilyrði Kríu þurfa að senda tölvupóst á [umsoknir@kriaventures.is](mailto:umsoknir@kriaventures.is) til þess að fá umsóknareyðublað og frekari gögn frá sjóðstjóra. Svör frá Kríu geta tekið allt að 2 virka daga að berast.
  - a. Í þessum gagnapakka eru eftirfarandi gögn:
    - i. Umsóknareyðublað og listi yfir fylgigögn sem þyrfti að fylgja með umsókn, séu þau til staðar.
    - ii. Afrit af lögum, reglugerð og starfsreglum stjórnar Kríu. mun annast samningsgerð.
    - iii. Afrit af þeim samningsdrögum sem gerðir verða á milli Kríu og sérhæfðs sjóðs, beri svo við að Kría fjárfesti í viðkomandi sjóði.
    - iv. Upplýsingaskjal um umsóknarferilinn og helstu dagsetningar.
3. Sérhæfðu sjóðirnir fylla út umsóknareyðublaðið og taka saman öll fylgigögn sem kveðið er á um að fylgi umsókn.
4. Fullbúnar umsóknir berast til Kríu í gegnum netfangið [umsoknir@kriaventures.is](mailto:umsoknir@kriaventures.is)
  - a. Hægt er að senda fylgigögn til sjóðsins í gegnum netfangið hér að ofan; EÐA
  - b. Umsækjandi getur óskað eftir því búið verði til gagnaherbergi fyrir viðkomandi sjóð (e. Data Room) innan CoreData skjalakerfisins. Sérhæfði sjóðurinn flytur gögn beint inn á sitt umsóknarsvæði.
5. Sjóðstjóri staðfestir með tölvupósti að umsókn hafi borist og öll gögn séu til staðar, eigi síðar en 5 virkum dögum eftir að umsókn berst. Athugið, umsýsluaðila Kríu er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum eða fylgigögnum frá umsækjanda til að gera stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs kleift að ákvarða um þátttöku sjóðsins
6. Umsóknarfrestur sérhæfða sjóða rennur út 4 vikum eftir að auglýsing er birt opinberlega. Fyrir haustið 2021 er umsóknarfrestur 3. nóvember 2021.
7. Stjórn Kríu, hefur allt að 6 vikur að afgreiða umsóknir eftir að umsóknarfrestur er liðinn.
8. Umsýsluaðili, í nafni stjórnar, mun tilkynna umsækjendum bréflaga um ákvörðun stjórnar innan sex vikna frá því að umsóknarfresti lýkur og upplýsa um næstu skref ef umsókn hefur verið samþykkt.
9. Umsýsluaðili Kríu mun annast samningagerð fyrir hönd Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs gagnvart rekstraraðila viðurkennds sjóðs sem stjórn Kríu hefur ákveðið að taka þátt í.

## Helstu dagsetningar í umsóknarferlinu - haustið 2021

### Umsóknir auglýstar – 6. október 2021

Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs auglýsir eftir umsóknum frá sérhæfðum sjóðum um fjárfestingu frá Kríu.

### Umsóknarfrestur sérhæfða sjóða - 3. nóvember 2021

Umsóknarfrestur sérhæfða sjóða er 4 vikum eftir að stjórn Kríu auglýsir eftir umsóknum. Umsóknareyðublað og öll fylgigögn verða að hafa borist Kríu á þessum tímapunkti. Umsýsluaðila Kríu er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum eða fylgigögnum sé talin þörf á.

### Afgreiðsla stjórnar – 15. desember 2021

Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs hefur allt að 6 vikur til að afgreiða umsóknir eftir að umsóknarfrestur er liðinn. Allir umsækjendur fá svar frá stjórn Kríu á sama tíma.

Umsýsluaðili Kríu mun annast samningagerð fyrir hönd Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs gagnvart rekstraraðila viðurkennds sjóðs sem stjórn Kríu hefur ákveðið að taka þátt í. Umsýsluaðili mun sjá til þess að greitt verði út samkvæmt samningum og innköllunaráætlun þeirra sérhæfðu sjóða sem Kría tekur þátt í fyrir 23. desember 2021.